



# AÐGERÐARÁÆTLUN GRÓTTU GEGN ÁREITNI, EINELTI OG OFBELDI





## 1. Stefnuyfirlýsing

Stefna Gróttu er að veita íþróttaiðkendum faglega og metnaðarfulla þjónustu, með vellíðan og heilbrigði að leiðarljósi. Áhersla félagsins er á fjölbreytt íþróttastarf í einstaklings- og hópíþróttum með iðkendum á öllum aldri.

Gróttu styður hegðunarviðmið Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og hefur það að markmiði að öllum sem starfa við íþróttafélagið eða iðka þar íþróttir líði vel innan félagsins og fái jöfn tækifæri til að dafna og vaxa á eigin forsendum. Gróttu á að vera öruggur staður til íþróttaiðkunar og vinnustaður þar sem starfið mótast af gagnkvæmri virðingu, kurteisi og umburðarlyndi einkennir samskipti fólks. Gróttu leggur áherslu á að allir sem koma að starfi félagsins tileinki sér markmið félagsins, bæði starfsfólk, þjálfara, iðkendur, foreldra og aðra sem að starfi félagsins koma.

Markmið þessarar stefnu og aðgerðaráætlunar er að stuðla að forvörnum og móta aðgerðir gegn áreitni, einelti og ofbeldi innan íþróttafélagsins Gróttu í samræmi við siðareglur Gróttu og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Slík hegðun verður ekki liðin hjá íþróttafélaginu Gróttu, né heldur önnur ótilhlýðileg hegðun sem særir eða meiðir einstaka iðkendur, starfsmenn eða aðra sem koma að félaginu. Starfsfólk, þjálfarar, iðkendur, foreldrar og aðrir sem koma að starfi félagsins skulu koma í veg fyrir áreitni, einelti, ofbeldi og aðra ótilhlýðilega hegðun hjá félaginu. Komi slík mál upp innan félagsins verður brugðist við þeim í samræmi við viðbragðsáætlun félagsins.

## 2. Skilgreiningar

Skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum byggist á reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

- **Einelti:** *síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.*
- **Kynbundin áreitni:** *Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.*



- **Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
- **Ofbeldi:** Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Í þessari aðgerðaráætlun er vísað í allar ofangreindar skilgreiningar sem ofbeldi hér eftir. Undir ofangreint fellur þó ekki skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur sem upp getur komið milli iðkenda, þjálfara og/eða starfsmanna, leiði það ekki til fyrrgreindrar háttsemi.

**Önnur ótilhlýðileg háttsemi** verður heldur ekki liðin innan félagsins. Slík háttsemi getur meðal annars falist í lítilsvirðandi framkomu, ítrekaðri gagnrýni, niðurlægingu eða útilokun, baktali, hótunum eða særandi athugasemdum, klámfenginni háttsemi, kynbundinni áreitni eða snertingu sem þykir nærgöngul og óviðeigandi.

### 3. Hvernig tekið er á ofbeldi

Öll mál er varða ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi hjá Gróttu eru tekin alvarlega og beint í viðeigandi farveg í samræmi við aðgerðaáætlun félagsins við slíkum málum. Ef um síendurtekin brot er að ræða getur félagið meinað viðkomandi aðkomu að frekara starfi eða iðkun íþróttanna innan Gróttu.

Ofbeldismál þar sem iðkendur 18 ára eða eldri verða fyrir líkamlegu ofbeldi, áverkum eða öðru ólöglegu athæfi í skipulegri starfsemi á vegum íþróttafélagsins Gróttu eða í íþróttamannvirkjum í tengslum við skipulagða starfsemi verða unnin í samvinnu við þolanda og tilkynnt til lögreglu ef við á.

Ofbeldismál þar sem iðkendur yngri en 18 ára verða fyrir líkamlegu ofbeldi, áverkum eða öðru ólöglegu athæfi í skipulegri starfsemi á vegum íþróttafélagsins Gróttu eða í íþróttamannvirkjum í tengslum við skipulagða starfsemi þess skulu alltaf tilkynnt viðkomandi foreldrum, lögreglu og barnaverndaryfirvöldum í samræmi við barnaverndarlög nr. 80/2002.



#### **4. Birtingarmynd ofbeldis**

Ofbeldi getur þrífist allstaðar þar sem samskipti eiga sér stað, án tillits til aldurs fólks, vitsmunáþroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Ofbeldi getur því komið upp hjá öllum aldurshópum, bæði börnum og fullorðnum. Þá hefur ofbeldi margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt eða stafrænt. Ofbeldi getur birst sem óvelkomið áreiti, einelti og/eða andlegt eða líkamlegt ofbeldi. Slík háttsemi einkennist gjarnan af misnotkun á valdi eða stöðu og kúgun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg og hefur neikvæð áhrif á andlega og/eða líkamlega heilsu þess sem fyrir henni verður.

Hið sama á við hegðun eins og útilokun, baktal og hunsun sem og lítilslækkandi hegðun gagnvart leikmanni t.d í klefa. Slík hegðun er ekki liðin innan félagsins.

#### **5. Forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir**

Íþróttafélagið Gróttu leggur áherslu á að góður andi ríki innan félagsins og brýnir fyrir iðkendum, foreldrum, þjálfurum og öðru starfsfólki að ofbeldi líðist ekki innan íþróttafélagsins. Það er hlutverk allra þessara aðila að koma í veg fyrir einelti, áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi innan félagsins og skulu þeir viðhafa gagnkvæma virðingu og umburðalyndi í samskipti sín á milli sem og við utanaðkomandi aðila. Jafnframt er lögð áhersla á að allir viti hvert þeir eiga að leita ef þeim sjálfum eða öðrum líður illa innan félagsins.

Upplifun þess sem fyrir ofbeldi getur verið mjög misjöfn og hafa ber í huga að þolendur ofbeldis segja oft ekki frá, því þeir skammast sín fyrir það og/eða kenna sjálfum sér jafnvel um

Mikilvægt er að foreldrar, starfsmenn, þjálfara eða liðsfélagar hafi augun opin ef þeir merkja breytingar í hegðun sem benda til að viðkomandi líði illa og ræði við viðkomandi, foreldra eða þjálfara.

Stjórnendur innan félagsins bera ábyrgð á að framfylgja stefnu félagsins og sýna gott fordæmi í hvívetna. Framkvæmdastjóri, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á að fræðsla fari fram með reglulegu millibili og að umræða um stefnu íþróttafélagsins í ofbeldismálum fari fram í það minnsta einu sinni á ári. Lögð skal áhersla á þær alvarlegu afleiðingar sem meiðandi framkoma getur haft á líðan þolanda og skal fræðslunni beint til iðkenda, foreldra, þjálfara og starfsfólks Gróttu.



Stjórnendur og aðrir starfsmenn bera mikla ábyrgð í að framfylgja stefnu þessari og eiga að sýna gott fordæmi í hvívetna varðandi hegðun sína og samskipti við alla í starfi sínu fyrir Gróttu. Allir starfsmenn og þjálfarar verða að vera meðvitaðir og vakandi fyrir því að ofbeldi geti komið upp hjá íþróttafélaginu. Þeir skulu vera tilbúnir til að bregðast strax við samkvæmt aðgerðaráætluninni verði þeir vitni að slíku. Mikilvægt er að viðbragðsaðilar og faglegir aðilar greini á milli þessara tegunda ofbeldis þegar unnið er samkvæmt aðgerðaáætluninni.

## 5.1. Skipurit Gróttu

Í Gróttu eru ábyrgðaraðilar þessarar stefnu; aðalstjórn, formaður stjórnar, framkvæmdastjóri, íþróttastjóri, yfirþjálfarar og þjálfarar allra deilda félagsins. Samkvæmt viðbragðsáætlun tekur næsti ábyrgðarmaður þess sem til hans leitar (þolandans) á málinu skv. skipuriti félagsins. Sé málið þess eðlis að þjálfari geti ekki tekið á því skal yfirþjálfari taka við eða annar viðeigandi samkvæmt skipuriti. Ef mál enda hjá framkvæmdastjóra félagsins skal hann taka ákvörðun um hvort vísa skuli málinu til fagráðs félagsins. Í fagráði Gróttu sitja þrjú óháðir aðilar sem hafa fagþekkingu og reynslu af meðferð mála af þessu tagi. Fagráð skal skipað af stjórn Gróttu til tveggja ára í senn og ber Gróttu kostnað af starfsemi ráðsins.

Aðalstjórn Gróttu getur að auki vísað málum til fagráðsins telji þeir tilefni til.

## 5.2 Starfsfólk og þjálfarar

Starfsfólk íþróttafélaga eru lykilaðilar fyrir iðkendur, sem búast við að starfsfólk sé þeim innan handar og hliðholtt í starfinu innan Gróttu. Traust er hér mikilvægt og ábyrgð fullorðna fólksins verulega mikil. Margir iðkendur eru í þeirri stöðu aldurs síns eða aðstöðu vegna að geta ekki alltaf varið sig verði þau fyrir ofbeldi. Þjálfarinn er þeirra „yfirmaður“ og hefur vissar skyldur gagnvart þeim. Því er mikilvægt að hafa í huga að þeir sem eru í þeirri stöðu geta ekki alltaf borið hönd fyrir höfuð sér og segja því ekki alltaf frá t.d. af hræðslu við að verða reknir eða útskúfaðir með einhverjum hætti.

Starfsfólk, þjálfarar og aðrir sem koma með að starfi Gróttu sem hafa vitneskju um ofbeldi innan félagsins skulu upplýsa viðeigandi aðila um það eins fljótt og auðið er samkvæmt aðgerðaráætlun. Vakni grunur um ofbeldi er mikilvægt að gripið sé inn í strax til að koma í veg fyrir frekari vanda.

- Þegar iðkendur eða foreldrar snúa sér til starfsfólks og/eða þjálfara vegna ofbeldismála er mikilvægt að hlustað sé vel á það sem sagt er



og að öllum ábendingunum sé tekið alvarlega. Skýr krafa er hjá félaginu um að starfsfólk og þjálfarar gæti trúnaðar og komi málum í viðeigandi farveg strax og í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem samþykkt voru 15. júlí 2018.

- Starfsfólk og þjálfarar eru fyrirmynd iðkenda og andlit félagsins út á við, bæði í orði og hegðun, og skulu því ávallt gæta sóma í öllu starfi og leik í tengslum við félagið.

### **5.3 Iðkendur**

- Allir iðkendur skulu árlega fræddir um stefnu þessa. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að slík fræðsla fari fram í öllum deildum félagsins fyrir hvern og einn aldursþóp sem þar iðkar sína íþrótt.
- Allir iðkendur eiga að fylgja stefnu þessari
- Lögð er áhersla á virðingu og kurteisi í umræðu komi upp ágreiningur innan teyma eða deilda og reyna skal að komast að málamiðlun. Takist það ekki, skulu þjálfarar, yfirþjálfarar, íþróttastjóri eða framkvæmdastjóri eða annarra aðili innan félagsins sem tekið geta hlutlaust á málinu veita aðstoð eða vísa máli í annan viðeigandi farveg (sjá aðgerðaáætlun).
- Iðkendur eru hvattir til að láta þjálfara eða aðra starfsmenn íþróttafélagsins Gróttu vita ef þeir eða aðrir verða fyrir ofbeldi. Ef þjálfari eða annan starfsmaður á hlut að máli skal leita til næsta yfirmanns.

### **5.4 Iðkendur og starfsfólk undir 18 ára aldri.**

- Ef tilkynnt er um ofbeldi, annað en kynferðislegt ofbeldi, hjá íþróttafélaginu Gróttu er varðar einstaklinga undir 18 ára aldri er mikilvægt að félagið hafi samráð við foreldra meints geranda sem og þolanda eins fljótt og auðið er. Mikilvægt er að brugðist sé strax við ef grunur vaknar um ofbeldi og að málinu sé vísað í viðeigandi farveg.
- Öll mál sem koma upp varðandi börn undir 18 ára aldri verða rædd með forráðamönnum barnanna og unnin í samráði við iðkendur og foreldra eins og við á og eftir alvarleika máls. Ef þörf krefur skal leita aðstoðar fagfólks við úrlausn mála.
- Ef um lögbrot er að ræða gegn barni undir 18 ára aldri ber að tilkynna það strax til Barnaverndaryfirvalda.



## 5.5 Foreldrar

- Líkt og aðrir fá foreldrar eða forráðamenn upplýsingar um stefnu þessa einu sinni á ári. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að þessu sé framfylgt. Þeim er kynnt stefnan og aðgerðaáætlun félagsins, veitt fræðsla um birtingarmyndir og afleiðingar ofbeldis og þeir hvattir til að leggja íþróttafélaginu lið og virða stefnu félagsins.
- Ef grunur vaknar um að ofbeldi eða önnur óæskileg hegðun hafi átt sér stað innan félagsins eru foreldrar hvattir til að hafa samband við þjálfara eða aðra starfsmenn.

## 6. Viðbragðsáætlun

Fái starfsmaður Gróttu ábendingu eða tilkynningu um ofbeldi skal hann fara eftir aðgerðaráætluninni í einu og öllu. Ábyrgðaraðili (starfsmaður eða þjálfari) sem verður var við samskiptavanda skal reyna að leysa úr honum eins fljótt og auðið er. Um leið og ljóst er að vandinn er orðinn stærri en svo að hægt sé að leysa hann án frekari aðstoðar skal tilkynna málið til yfirþjálfara, íþróttastjóra eða framkvæmdastjóra sem kemur málinu í réttann farveg.

- Ef grunur er um að ofbeldi hafi átt sér stað skal upplýsa þjálfara, yfirþjálfara, íþróttastjóra eða framkvæmdastjóra um málið strax.
- Sé einhver ofangreindra meintur gerandi í máli iðkenda skal ræða beint við næsta yfirmann samkvæmt skipuriti félagsins.
- Gerandi mun fá tiltal frá félaginu og leiðsögn samkvæmt viðbragðsáætlun.
- Polandi mun líka fá leiðsögn í ferlinu
- Í alvarlegum tilfellum gæti þurft að útiloka viðkomandi geranda frá íþróttaiðkun í tiltekinn tíma eða að fullu.
- Ef um síendurtekin brot er að ræða og/eða viðkomandi lætur ekki af hegðun sinni þrátt fyrir tiltal getur félagið meinað iðkanda að iðka íþrótt innan Gróttu.

## 7. Málsmeðferðir

Tvær leiðir eru til að taka á ofbeldismálum sem ekki ber að tilkynna til barnaverndar eða lögreglu lögum samkvæmt. Óformleg málsmeðferð annarsvegar og formleg málsmeðferð hinsvegar. Vísað er í lista yfir skilgreiningar á ofbeldi í kafla 2. Málsmeðferð þessi á bæði við um iðkendur og þjálfara undir 18 ára sem og fullorðna iðkendur og starfsmanna.



## 7.1 Óformleg málsmeðferð

- Átt er við óformlega málsmeðferð þegar leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur og trúnaðarsamtal. Aðrir eru ekki upplýstir um málið nema ef viðkomandi er undir 18 ára aldri, þá skal upplýsa foreldra um málið.
- Skrá skal niður upplýsingar um málsatvik og hafa samráð við meintan þolanda um framvindu málsins. Mikilvægt er að vilji hans sé virtur og óski hann eftir að ekki verði frekar aðhafst í málinu skal honum veittur stuðningur og ákvörðun hans skráð og undirrituð.
- Telji „þolandi“ að um ofbeldi sé að ræða og vill tilkynna málið með formlegum hætti skulu framkvæmdastjóri og/eða íþróttastjóri sjá um að setja málið í formlega málsmeðferð í samræmi við viðbragðsáætlun.

## 7.2 Formleg málsmeðferð

- Þegar formleg tilkynning berst um ofbeldi samkvæmt skilgreiningum fremst í stefnu þessari innan íþróttafélagsins Gróttu, skal tilkynningunni komið áfram til viðeigandi aðila samkvæmt viðbragðsáætlun. Lögð er áhersla á að hlutlausir fagaðilar séu fengnir til að vinna mál sem fara í formlega málsmeðferð og mál er varða einstaklinga eldri en 18 ára. Séu iðkendur undir 18 ára aldri er talað við alla aðila máls og reynt að finna út hvort hægt sé að leysa málið með sáttamiðlun sé brotið þess eðlis. Sé þess ekki kostur þarf aðstoð fagfólks við framhaldið.

## 7.3 Sáttamiðlun þegar ekki er um ofbeldi að ræða

- Verði niðurstaða máls að ekki sé um ofbeldi að ræða skal leita sátta í málinu eins og frekast er unnt. Getur það verið í formi sáttaumleitunar innan félagsins eða að óháður aðili sé fenginn til að sjá um sáttamiðlunina. Mikilvægt er að allir aðilar fái að tjá sig í þeirri umræðu og að sameiginleg sáttaniðurstaða sé skriflega og undirrituð af öllum aðilum máls, þar með talið foreldrum aðila undir 18. ára aldri.

## 7.4 Eftirfylgni:

- Gróttu leggur áherslu á að málum sé fylgt vel eftir sem upp koma hjá félaginu, hvort sem um formlega eða óformlega málsmeðferð er að ræða og skulu framkvæmdastjóri og/eða íþróttastjóri sjá um eftirfylgnina. Leitað skal lausna í öllum málum og tryggt að viðeigandi stuðningur og ráðgjöf eigi sér stað.





- Ofbeldismál eru viðkvæm mál og líklegt að einhverjir aðilar máls geti verið ósáttir við eitthvað varðandi málsmeðferð eða niðurstöður. Gróttu leggur áherslu á lausnamiðuð samstarf við foreldra og iðkendur sama hvort að iðkandi sé meintur gerandi eða þolandi í máli. Lausnarmiðuð nálgun með virðingu einstaklinga að leiðarljósi er áhersla Íþróttafélagsins.

## **8. Ágreiningur um meðferð ofbeldismála**

Til að koma í veg fyrir að ágreiningur verði á milli starfsmanna Íþróttafélagsins Gróttu og foreldra barna í ofbeldismálum skal vísa málinu til fagráðs Gróttu sem mun fá hlutlausa fagaðila til að leiða málin til lykta.

## **9. Gildistaka og aðild**

Stefna þessi og viðbragðsáætlun um aðgerðir gegn ofbeldi innan Íþróttafélagsins Gróttu er samþykkt af hálfu Aðalstjórnar Gróttu. Aðgerðaráætlun og verklagreglur er varða stefnuna munu vera endurskoðuð með árlegu millibili.

Seltjarnarnesi, 23. apríl 2019



## Viðbragðsáætlun vegna tilkynninga um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða annað ofbeldi

**Tilkynning berst** til eftirfarandi ábyrgðaraðila:  
Yfirþjálfara, þjálfara, íþróttastjóra eða framkvæmdastjóra  
Gæta skal trúnaðar í allri málsmeðferð

**Ábyrgðaraðili aflar upplýsinga** um meint atvik og þær skráðar

**Óformleg málsmeðferð**  
Stuðningur og ráðgjöf til þolanda ef vill

**Formleg málsmeðferð**  
Máli vísað til fagráðs

**Mál tilkynnt**  
viðeigandi lögaðila

**Fagráð aflar upplýsinga**

**Fagráð metur málið og kynnir niðurstöðu og viðeigandi aðgerðir fyrir málsaðilum**

**Eftirfylgni**

**Mat á ferli máls**